

# ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 179/2019

frá 14. júní 2019

um breytingu á XXI. viðauka við EES-samninginn (Hagskýrslugerð)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningsins“), einkum 98. gr., og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/505 frá 19. desember 2018 um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 184/2005 að því er varðar stig landfræðilegrar sundurliðunar <sup>(1)</sup>.
- 2) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 19s (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 184/2005) í XXI. viðauka við EES-samninginn:

„– **32019 R 0505:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/505 frá 19. desember 2018 (Stjtið. ESB L 85, 27.3.2019, bls. 1).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/505, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. júní 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. júní 2019.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

***Claude Maerten***

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 85, 27.3.2019, bls. 1.

\* Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.